

Nafn og heimilisfang fyrirtækis	Íslensk kennitala	Skráningarland	Landskóði
Atvinnugrein	Félagsform	Stofnár	Gjaldmiðill ársreiknings

**Pessi skýrsla er unnin af:**

Nafn	Kennitala	Sími
Heimilisfang	Tengiliður	
Hvar eru bókhaldsgögn varðveitt?	Er hægt að leggja fram bókhaldsgögn? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	

**Bein eignarhlutdeild íslenskra eigenda í lögaðila á lágskattasvæði**

Nafn	Kennitala	Eignarhluti 31.12.2011 %	Atkvæðisr. 31.12.2011 %	Hlutur keyptur á árinu 2011		Hlutur seldur á árinu 2011		Greiddur arður	
				Já	Nei	Já	Nei	ISK	%
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
<b>Beint eignarhald samtals</b>		404 =	405 =					406 =	=

**Óbein eignarhlutdeild íslenskra eigenda gegnum erlend félög**

Nafn	Kennitala	Eignarhluti 31.12.2011 %	Atkvæðisr. 31.12.2011 %	Breyting til lækkunar á árinu 2011		Breyting til hækkunar á árinu 2011	
				Já	Nei	Já	Nei
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>Óbeint eignarhald samtals</b>		409 =	410 =				

<b>Samtals eignarhluti í íslenskrri eigu</b>	411 =	412 =
<b>Stýrður hluti</b>		

**Athugasemdir**


## Sundurliðun tekna

	Tekjur í erlendri mynt	Meðalkaupgengi	ISK
Arður af hlutabréfum			=
Söluhagnaður hlutabréfa			=
Aðrar eignatekjur, hvaða?			=
Sala vöru og þjónustu			=
Aðrar rekstrartekjur			=
<b>Samtals</b>	=		=

## Rekstrarhagnaður/tap skv. ársreikningi

Rekstrarhagnaður/tap skv. meðfylgjandi ársreikningi	+/-
Meðalkaupgengi	
<b>Samtals</b> (hluteild eiganda færast í reit 421 á RSK 4.25)	<sup>413</sup> =

## Skattskyldur hagnaður skv. íslenskum reglum

Hagnaður/tap í íslenskum krónum skv. reit 413	<sup>414</sup> +/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
<b>Samtals</b>	<sup>415</sup> =

## Samanburður skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003

	Fjárhæð í erlendri mynt	Meðalkaupgengi eða kaupgengi 31.12.2011 ef ógreiddur	ISK
Tekjuskattur greiddur erlendis			=
Tekjuskattur skv. íslenskum reglum			

## Eigið fé til skiptingar á eigendur

Eigið fé alls skv. ársreikningi	Kaupgengi 31.12.2011	Eigið fé í ISK 31.12.2011
		<sup>416</sup> =

Fjöldi hluta	Nafnverð hlutafjár	Skráð markaðsgengi	Kaupgengi 31.12.2011	Eigið fé á markaðsgengi 31.12.2011
				<sup>417</sup> =

## Leiðbeiningar

Skýrsla lögaðilans skal ná til allrar starfseminnar viðkomandi tekjuár. Í leiðbeiningunum er orðið "eigandi" notað um þá íslensku skattaðila sem eiga beint eða óbeint í lögaðila á lágskattasvæði (CFC-félagi). Til að fá úthlutað kennitölu fyrir CFC-félag þarf að snúa sér til fyrir-tækjaskrár RSK og skila inn umsóknareyðublaði RSK 17.90.

Skila ber ársreikningi lögaðilans með skýrslunni.

### Pessi skýrsla er unnin af:

Taka skal fram hver vinnur skýrsluna, ásamt upplýsingum um hvar bókhaldsgögn eru varðveitt og hvort unnt sé að leggja þau fram óskri ríkisskattstjóri eftir því.

### Bein eignarhlutdeild íslenskra eigenda í lögaðila á lágskattasvæði

Hér skal skrá nafn og kennitölu eigenda vegna **beinnar** eignarhlutdeildar, eignarhluta í árslok, hlutfall atkvæðisréttar í árslok og hlutdeild í úthlutuðum arði (fjárhæð og hlutfall af heildararðgreiðslu til íslenskra og erlendra eigenda). Hafi eigandi keypt eða selt hlut í erlenda lögaðilanum á rekstrarárinu skal haka í viðeigandi reit og gera sérstaklega grein fyrir þeim viðskiptum í athugasemdadálki. Tilgreina skal nafn seljanda og kaupanda ásamt dagsetningu viðskiptanna og eignarhluta.

### Óbein eignarhlutdeild íslenskra eigenda gegnum erlend félög

Hér skal skrá nafn og kennitölu eigenda sem eiga **óbeint** í hinum erlenda lögaðila í gegnum erlent félag. Með óbeinu eignarhaldi er átt við það þegar eigandi á hlut í erlendu félagi sem á hlut í lögaðila sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki í skilningi 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Það telst einnig óbeint eignarhald þegar fleiri félög standa á milli eigandans og lögaðilans. Ef eignarhald er flókið er æskilegt að láta skjal fylgja með skýrslunni sem skýrir eignarhald. Tilgreina skal eignarhluta, hlutfall atkvæðisréttar og hvort breyting hafi orðið á eignarhlutdeild á árinu. Ef um slíka breytingu er að ræða skal gera grein fyrir því í athugasemdakafli í hverju breytingin fólst. Til að finna út hver eignarhlutdeild er þegar um óbeina eign er að ræða, skal margfalda eignarhluta eiganda í „millilið“ og eignarhluta milliliðar í hinum erlenda lögaðila. Dæmi: Ef íslenskur eigandi á 50% í félagi A og það félag á 50% í lögaðila sem staðsettur er á lágskattasvæði er eignarhlutdeild eigandans 25% ( $0,5 \times 0,5 = 0,25$ ). Sama regla á við þegar fleiri félög eru í eignakeðjunni.

### Samtals eignarhluti í íslenski eigu/stýrður hluti

Hér skal tilgreina heildareignarhlutdeild íslenskra eigenda í hinum erlenda lögaðila, **beina** og **óbeina** (samtala reita 404 og 409), þó ekki óbeina eignarhlutdeild í gegnum íslensk félög. Einnig skal gera grein fyrir samtölu atkvæðisréttar íslenskra eigenda (samtala reita 405 og 410). Tilgreina skal yfirráðahlut ef íslenskir eigendur hafa í krafti hluthafasamnings, samþykktu, umboða o.s.frv., umráð yfir hlutum sem formlega eru í eigu erlendra aðila. Í athugasemdakafli skal gera grein fyrir því á hverju umráð byggja. Hér undir teljast einnig umráð sem leiða af óbeinu eignarhaldi. Þannig telst eigandi hafa umráð yfir hin-

um erlenda lögaðila eigi hann helmingshlut í félagi sem á helmingshlut í þeim lögaðila sem telst heimilisfastur á lágskattasvæði, skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003, þrátt fyrir að eignarhlutdeild hans nemi 25% í því tilviki. Byggir það á því að aðilinn telst hafa umráð yfir félaginu eigi hann helmingshlut í því og telst þar af leiðandi hafa umráð yfir málefnum þess, m.a. þeim umráðum félagsins yfir hinum erlenda lögaðila sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki. Tekið skal tillit til eigin hluta lögaðila á lágskattasvæði í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að ef 10% eignarhlutur er í eigu lögaðilans sjálfs nægri 45% eignarhlutdeild eigenda til þess að umráð yfir lögaðilanum teljast vera fyrir hendi.

### Sundurliðun tekna

Hér skal gera grein fyrir samsetningu á tekjum lögaðilans. Nauðsynlegt er að gera skýran mun á *eignatekjum* annars vegar og *rekstrarartekjum* hins vegar.

### Rekstrarhagnaður/tap skv. ársreikningi

Hér skal gera grein fyrir rekstrarafkomu lögaðilans í þeirri mynt sem á er byggt í ársreikningi, meðalkaupgengi þess gjaldmiðils gagnvart ISK og afkomunni í ISK. Ef rekstur er einungis hluta úr ári skal miða við meðalkaupgengi þess tímabils.

### Skattskyldur hagnaður skv. íslenskum reglum

Ekki þarf að fylla út þennan kafla ef ljóst er að lögaðilinn telst CFC-félag án frekari skoðunar. Í öðrum tilvikum þarf að leiða fram tekjuskattstofn samkvæmt íslenskum reglum. Hafi eigandi erlendis lögaðila sætt skattlagningu samkvæmt reglum 57. gr. a laga nr. 90/2003 á fyrra ári, en eigandi telur að það falli nú utan reglnanna svo sem vegna sérstakra frádráttarheimilda eða rekstartaps á eftirfarandi tekjuári, skal gera grein fyrir rekstrarniðurstöðu hér. Þótt lögaðilinn teljist ekki vera CFC-félag er mælt til þess að þessi kafla sé fylltur út ef lögaðilinn er heimilisfastur í ríki sem almennt er talið til lágskattaríkja, s.s. ríki sem talin eru upp á lista á vefsíðu Fjármálaráðuneytisins yfir lágskattasvæði.

### Samanburður skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003

Í þessum kafla ber að gera grein fyrir annars vegar tekjuskatti sem greiddur var eða verður greiddur erlendis og hins vegar þeim tekjuskatti sem á hefði verið lagður skv. íslenskum lögum.

### Eigið fé til skiptingar á eigendur

Vegna laga um auðlegðarskatt sem í gildi eru á Íslandi ber að gera grein fyrir eigin fé hins erlenda félags í ISK. Færa skal bókfært eigið fé skv. ársreikningi í ISK, reitur 416, nema félagið sé skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, þá skal miða við eigið fé á skráðu markaðsverði eftir að það hefur verið umreiknað í ISK, reitur 417.

**Lista yfir lágskattasvæði** má finna á vefslóðinni [www.fjarmaladuneyti.is/verkefni/skattar\\_og\\_tollar/nr/13806](http://www.fjarmaladuneyti.is/verkefni/skattar_og_tollar/nr/13806). Ath. að listinn er þó hvorki bindandi né tæmandi.